

Mál nr. 442/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (hrepps)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna hitaveituheimtaugar
sem fór í sundur á skólastjórabústað í febrúar 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttekið 12.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.10. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnaði bótaskyldu með bréfi, dags. 01.06. 2012. M kvartar yfir þeirri ákvörðun félagsins.

Vátryggingafélagið telur mál þetta ekki tækt til úrskurðar þar sem rökstuðningur M sé afar rýr og í raun málatilbúnaður allur. M telji að bæta eigi tjón og eru rökin þau að það “hljóti að vera með öllu óeðlilegt að eigendur þeirra fasteigna sem tengd eru veitukerfi sveitarfélagsins þurfi að bera fjárhagslegt tjón sem verða kann vegna bilunar á veitukerfinu”. Félagið telur að visa eigi máli þessu frá nefndinni vegna þess hversu óljóst og illa upplýst það er sbr. e-liður 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Athygli er vakin á nánari umfjöllun félagsins í nefndu bréfi til nefndarinnar sem óþarft er að geta efnislega.

M er ósammála afstöðu félagsins sbr. takmarkaða umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Málatilbúnaður M þ.á m. rökstuðningur, er mjög rýr.

Samkvæmt e-lið 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndar nr. 1090/2005 fjallar nefndin ekki um mál sem er það ólóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það er ekki tækt til úrskurðar.

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa og nefndri 4. gr. samþykktu er máli þessu vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Mál sem vísað er frá á þessari forsendu er unnt að taka til meðferðar aftur, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík 13. nóvember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.